

Þriðjudaginn 21. nóvember 1995.

Nr. 380/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Jónasi James Norris

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og c-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 17. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. nóvember 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 16. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Jónasi James Norris, kt. 230762–5549, Bárugötu 22, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 3. janúar 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og rannsóknargagna málsins þykir grunur lögreglunnar um aðild kærða að framangreindum brotum rökstuddur. Brot þessi varða við 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og gætu varðað kærða fangelsi. Enn er eftir að finna töluvert magn þýfisins. Ástæða er til að ætla, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins, svo sem með því

að hafa áhrif á vitni eða með undanskoti þess þýfis, sem lögreglan leitar enn að, fari hann frjáls ferða sinna. Þykir því vera grundvöllur til að taka til greina kröfu um gæsluvarðhald yfir kærða samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Fyrir liggur sakavottorð kærða, þar sem fram kemur, að kærði hefur frá árinu 1978 til 3. júlí 1995 hlotið 20 refsídóma fyrir hegningarlagabrot, þar af í 15 skipti fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga. Þá liggur fyrir, að kærði áfrýjaði dómi, upp kveðnum 3. júlí sl., þar sem hann hlaut 15 mánaða fangelsi, og að málflutningur er fyrirhugaður í Hæstarétti 12. desember nk. Að öllu þessu virtu þykir rík ástæða til að ætla, að kærði muni, fari hann frjáls ferða sinna, halda áfram afbrotum, meðan málum hans er ólokið, og verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 því einnig tekin til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jónas James Norris, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðviku- dagsins 3. janúar 1996 kl. 16.00.
